

LISTIR

Ljóð gegn spillingu og glæpum

Vilborg Dagbjartsdóttir er snúin heim eftir 10 daga dvöl á alþjóðlegri ljóðahátíð í borginni Medellín í Kólumbíu. Hún segist ekki hafa viljað vera án þeirrar reynslu.



Ljóðaveisla í lok hátíðarinnar að viðstöddum nokkur þúsund manns.



Vilborg Dagbjartsdóttir ásamt tveimur skáldbræðrum. Dimitru Iliou frá Rúmeníu og Hans Scheier frá Þýskalandi.

„Það þótti ýmsum ansi djarft af mér að þiggja þetta boð þar sem Kólumbía er talin vera eitt hættulegasta land veraldar,“ segir Vilborg Dagbjartsdóttir sem nýkomin er heim frá 10 daga alþjóðlegri ljóðahátíð í Medellín í Kólumbíu.

„Þetta var mikil upplifun og sannarlega reynsla sem ég hefði ekki viljað vera án, bæði sem manneskja og skáld,“ segir Vilborg og kveðst hafa átt þess kost að heimsækja borgina Cali sem talin er vera hættulegasta borgin í Kólumbíu. „Ferðamönnum stafar mikil hætta af því að vera rændir eða vera hreinlega rænt og okkur var beinlínis bannað að fara út á göturnar fylgdarlaust eða eftir að myrkur var skolið á. Á hótelinu voru vopnaðir lögreglumenn á öllum göngum. En fólk er elskulegt þrátt fyrir mikla eynd og fátækt. Mér var tjáð að 95% þjóðarinnar væru fátæklingar. Áhugi fólksins á skáldskap er sérstaklega mikill og hvar sem við komum til að lesa upp dreifir fólk úr öllum áttum til að hlýða á.“

Vilborg segir Medellín-borg eiga sér sérstaka sögu. „Hún byggist upp á 17. öld af spænskum gyðingum sem flúðu ofsóknir í heimalandinu. Þeir blönduðust lítið við heimamenn lengi framanaf en á síðustu öld tók borgin vaxtarkipp og varð síðan frægust fyrir að vera miðstöð eiturlyfjabarónsins Pablo Escobar sem var drepinn fyrir nokkrum árum. Okkur var sagt að nú væri Cali tekin við því hlutverki. Ljóðahátíðin í Medellín er andóf fólksins gegn auðhyggju og glæpahneigð. Ljóðinu og menningunni er teft fram gegn spillunni og glæpunum. Þarna voru saman-

kominn skáld frá öllum heimshornum og dagskráin var þannig byggð upp að við förum í litlum hópum og lásam upp á götum, torgum, skólum, barnaheimilum og fangelsum. Sá háttur var hafður á lestrinum að skáldið las á móðurmáli sínu og síðan flutti heimamaður þýðingu á spænsku. Það var mikil reynsla fyrir mig að koma í kvennafangelsi og lesa upp fyrir konurnar sem þar voru. Þær voru á öllum aldri og höfðu mikinn áhuga á okkur. Skelfilegt þótti okkur að heyra að þær sem ættu börn mættu hafa þau hjá sér í fangelsinu til 3 ára aldurs en þá væri börnunum fleygt út á götuna. Fyrir utan fangelsið var hópur af börnum sem þannig var ástadd um og reyndu að ná sambandi við mæður sínar.

Önnur hlið á málstað munaðarlausra barna blasti við mér í flugvélinni til London frá Bogatá. Þar var hópur af Hollendingum sem var að snúa heim með fjölda smábarna sem þau höfðu verið að sækja til ættleiðingar. Þau börn eiga fyrir sér að verða farsælir smáborgarar í Hollandi. Það er eitt-hvað rangt við þetta allt saman.“

Ljóðahátíðinni í Medellín lauk síðan með sex klukkustunda langri ljóðadagskrá í útleikhúsi sem kennt er við Carlos Vieco. „Þarna komu þúsundir manna til að hlýða á skáldin lesa úr verkum sínum og stundum mátti heyra saumnál detta, svo sterk var samkenndin og einbeiting áhorfendanna,“ segir Vilborg Dagbjartsdóttir reynslunni ríkari eftir ferð sína til Kólumbíu.



Morgunblaðið/Golli

Gestir Errós skoða Silfurþeysi

HÓPUR vina fylgdi Erró er hann kom hingað til lands fyrir helgi í tilefni af opnun yfirlitssýningar Errósafnsins í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi um helgina. Á laugardagsmorguninn hélt hópurnir í Kringluna til að skoða mósakverkið Silfurþeysi eftir

Erró, sem afhjúpað var á síðasta ári. Duarte García, eigandi stærstu keramikverksmiðju Portúgals, sem framleiddi keramikflísarnar í verkið og setti það saman, var meðal gesta, og gaf hann viðstöddum innsýn í vinnuferlið.



Ljósmynd/Bragi Ásgeirsson

Eitt af málverkum Werners Möllers í Hafnarborg.

Tónaraðir og endurómun

MYNDLIST

Hafnarborg Sverrissalur/apótek
MÁLVERK/VEGGTEPPI/
SKÚLPTÚR
WERNER MÖLLER

Opið alla daga frá 12-18. Lokað þriðjudaga. Til 2. júlí. Aðgangur 300 krónur í allt húsið.

ATHAFNA þýðverska myndlistarmannsins Werners Möllers frá Cuxhaven sér víða stað, jafnt í málverki, skúlptúr, grafík og veflist. Listamaðurinn er annars fæddur í Lübeck 1920 og nam grafík í listaháskólanum þar í borg á árunum 1936-39 er hann var kallaður í herinn. Að stríði loknu hélt hann til Cuxhaven 1946 þar sem hann setti upp eigið grafíkverkstæði en sinni einnig málverkinu og hélt sína fyrstu sýningu í borginni sem og listapörpinu nafnkennða Worswede sama ár.

Möller hefur verið mikilvirkur í félagsmálum myndlistarmanna í Norð-vestur Þýskalandi sem og sýningahaldi, jafnframt unnið fjölda verka fyrir opinberar byggingar, lágmyndir bronsskúlptúra og glugga í kirkjur. Ásamt konu sinni stofnaði hann Gallery Artica í Cuxhaven árið 1967 með það markmið í huga að stefna saman listamönnum víðs vegar að úr heiminum. Listhúsið Artica hefur frá upphafi verið miðpunktur í menningarlífi borgarinnar, þar sem myndlistarmenn, tónlistarmenn og skáld hafa hist og sýnt verk sín, flutt tónlist og fagurbókmenntir. Hér er þannig um sjóaðan listamann að ræða sem eftir öllu að dæma mun enn í fullu fjöri og vel virkur kominn á níræðisaldur.

Cuxhaven er vinaborg Hafnarfjarðar, sem hefur leitt til ýmissa samskipta á menningarsviðinu og eðlilega stefndi það listamanninum og menningarfrömuðinum Werner Möller til Íslands. Kom hingað fyrst 1992, dvaldi og vann í gistivinnustofunni í Hafnarborg í boði Hafnarfjarðarbæjar. Árið eftir þáði hann

boð um að halda stóra yfirlitssýningu í Hafnarborg þar sem gat að líta flest þau listform sem hann hefur komist í návígi við á löngum starfsferli. Hann hélt aftur sýningu í Hafnarborg 1996, og af því tilefni var gefin út bók um listamanninn og verk hans.

Á þessari þriðju sýningu Werners Möllers í Hafnarborg eru að meginhluta til lítill málverk, 30 að tölu, einnig eitt ofið textílverk, jafnframt einn skúlptúr og eitt textílverk í eigu listamiðstöðvarinnar.

Málverkin eru eins konar abstraktstef af ljóðrænara taginu, leiða hugann að stílbrogðum sem fengu heitið „peinture pure“, eða hreina málverkið eftir síðari heimsstyrjöld. Þar ráða einungis huglægar kenndir gerandans ferðinni hverju sinni ásamt þjálfuðum tilfinningum fyrir samspili línu, lita og forma. Útrás innri hughrifa má nefna þennan óformlega málunarmáta, þar sem litir og form ráðast af stemningunni sem listamaðurinn er í hverju sinni og hlutvakinn heimur ekki sýnilegur. Allar eru myndirnar aflangar og jafnstórar, upphengingin einungis brotin upp með þremur stærri og veigameiri verkum, þ.e. ofnu textílunum og höggmyndinni. Þær hanga í jafni og markaðri röð sem hlykkist um alla veggja Sverrissalar og Apóteksins. Tæpast ávinningur fyrir máluðu verkin sem gerir frammginginn í heild eintóna og sviplausan, æskilegt hefði verið að brjóta upphenginguna meira upp til að áhrifamáttur og slagkraftur einstakra verka yrði meiri, jafnvel notast við milli-veggi. Er þannig sannfærður um að þessi verk njóti sín öllu betur ein sér en í þessum eintóna heildarhryni sem virkar eins og sýblja samkynja lit- og formstefa. Lakara er að sýningin í heild gefur ókunnugum ekki rétta hugmynd um listamanninn, um það er falleg og vel hönnuð bók sem frammi liggur í móttökunni til vitnis um. Ofnu teppin og skúlptúrin herma gestinum af drjúgum og fjölhæfum listamanni og ekki síður hrfimstu málverkin.

Bragi Ásgeirsson

Heilir sturtuklefar



Sturtuklefar heilir með 4 hliðum, sturtubotni og sturtusetti.

Stærðir 70x70, 80x80, 90x90 og 72x92

Bæði ferkantaðir og bogadregnir.

VATNSVIKINN ehf.
Ármúla 21, sími 533 2020



HATAEKNI

Ármúla 26 · Sími 588 5000

www.hataekni.is

Símtæki · Aukahlutir · Verkstæði